



Gagnsæisskýrsla fyrir árið 2023  
– skýrsla stjórnar og framkvæmdastýru 2024

Árleg gagnsæisskýrsla samanstendur af ársreikningi Rétthafagreiðslna og skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra sem lögð er fyrir aðalfund. Endurskoðun ársreiknings Rétthafagreiðslna er í höndum Endurskoðunar og ráðgjafar ehf. Á árinu 2021 var í fyrsta skipti skilað gagnsæisskýrslu og endurskoðuðum reikningi vegna Rétthafagreiðslna.

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, var stofnað árið 1986 og voru stofnfélagar 42. Félagið hlaut löggildingu menntamálaráðuneytisins árið 1987. Félagsmenn eru nú um 730 í lok árs 2023 og félagsgjald 4500 kr.

Félagið er fagfélag höfunda fræðirita og kennslugagna og skylds efnis og óháð því hvernig efni þeirra birtist almenningi. Markmið þess er að gæta faglegra og fjárhagslegra, þar á meðal kjaralegra hagsmuna félagsmanna, sem og að gæta réttar þeirra í hvívetna, þ.m.t. að semja fyrir þeirra hönd, sem og að bæta skilyrði til samningar og útgáfu fræðirita og skylds efnis, kennslugagna, handrita að heimildamyndum og fræðilegu efni á ljósvakamiðlum.

Félagið stendur vörð um réttindi félagsmanna og annarra rétthafa fræðirita og kennslugagna og skylds efnis sem vernduð eru af höfundarétti, og annast samningagerð félagsmanna við opinbera aðila og stjórnvöld um hvers kyns höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna, fagleg sem og fjárhagsleg, þar á meðal um kjör, auk þess sem það fer með umsýslu réttindagreiðslna. Hagþenkir tekur einnig að sér skil á rétthafagreiðslum til utan félagsmanna í þeim tilvikum sem gerðir hafa verið samningar þar um, þannig að þeir verði jafnsettir félagsmönnum. Vísast í því sambandi m.a. til 26. gr. a. Höfundalaga nr. 73/1972.

Lög um sameiginlega umsýslu höfundarréttar nr. 88/2019 tóku gildi 1. janúar 2020. Aðalfundur Hagþenkis 28. apríl 2021 samþykkti lagabreytingar til að samræma lög Hagþenkis kröfum um sameiginlegar umsýslustofnanir og gagnsæisskýrslu og endurskoðaðan ársreikning.

Hagþenkir er ekki formlega séð umsýslustofnun en lög félagsins og starfsemi taka mið af því.

### **Markmið félagsins og starf stjórnar**

Markmið félagsins er að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og bæta skilyrði til samninga og útgáfu fræðirita og kennslugagna. Að markmiðinu skal meðal annars vinna með því að:

- Afla upplýsinga og veita leiðbeiningar sem félagsmönnum mega að gagni koma
- Annast samninga fyrir félagsmenn sameiginlega og vera aðili að rétthafasamtökum sem máli skipta í því sambandi.
- Úthluta því fé sem greitt er til félagsins samkvæmt slíkum samningum í samræmi við reglur sem samþykktar eru á aðalfundi.
- Vinna að því að lög, reglugerðir og reglur sem í gildi eru á hverjum tíma þjóni sem best markmiðum félagsins, og vinna að sem víðtækastri viðurkenningu á gildi þess að starfsskilyrði höfunda fræðirita og kennslugagna séu sem best.

Stjórn Hagþenkis er kjörin á aðalfundi og skipuð fimm aðalmönnum og fjórum varamönnum, sem kallað er fulltrúaráð, en formaður Hagþenkis er jafnframt formaður þess. Kjörtímabil stjórnarmanna er eitt ár og formanns tvö. Stjórnarkjóri er lýst á aðalfundi. Formaður er kosinn sérstaklega og síðan aðrir stjórnarmenn. Þeir skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi.

Stjórn Hagþenkis markar stefnu og starfsemi félagsins samkvæmt lögum þess. Hún beitir sér fyrir því að samningar og skilyrði höfunda fræðirita og kennslugagna og skylds efnis séu sem

best og annast samningagerð fyrir félagsmenn sameiginlega. Stjórn fær til umsagnar ýmis frumvörp Alþingis og semur álitagerðir um þau efni sem snerta hagsmuni félagsins auk ýmissa menningarmála. Stjórn afgreiðir inntökubeiðnir, þóknanir, ferða- og menntastyrki til félagsmanna og skipar í ráð og nefndir. Stjórninni berast ýmis erindi og fyrirspurnir sem snerta höfunda en ráðgjöf er allajafna á borði framkvæmdastjóra.

### **Framkvæmdastjóri**

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri í samræmi við ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri situr fundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar og hefur umsjón með framkvæmd þeirra ákvarðana sem stjórn tekur. Framkvæmdastjóri er prókúruhafi félagsins. Stjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin og verksvið hans nánar skilgreint.

Starf framkvæmdastjóra felst í því að fylgja eftir samþykktum stjórnar, undirbúa fundi, annast bréfaskriftir, félagaskrá, vefsetur og upplýsingamiðlun til félagsmanna, fjölmiðla og annarra eftir því sem við á. Framkvæmdastjóri sendir félagapóst, veitir ráðgjöf og svarar fyrirspurnum félagsmanna um höfundarétt og samninga, styrki, þóknanir, taxta og viðmið, rafrænar útgáfur og fleira. Framkvæmdastjóri sér um móttöku, umsýslu og útgreiðslu styrkja, þóknana og réttindagreiðslna, svo og um gagnabanka, meðferð fjármuna og lyklun bókhalds. Hann starfar með endurskoðanda reikninga. Framkvæmdastjóri sér um fasta viðburði félagsins, stýrir meðal annars viðurkenningarhátíðinni og er verkefnastjóri viðurkenningarráðs.

### **Um ábyrgð stjórnar**

Stjórn félagsins annast daglegan rekstur samtakanna og hefur eftirlit með starfsemi, þar á meðal umsýslu réttindagreiðslna. Er stefnt að því að fulltrúaráðið skipi höfundar sem starfa á ólíkum vettvangi. Stjórn vinnur í þágu samtakanna í samræmi við samþykktir og lög og reglur hverju sinni.

Fjórir félagsmenn eru kosnir í fulltrúaráð á aðalfundi og skulu þeir vera varamenn í stjórn. Þeir eru kvaddir til stjórnarfundar til skiptist eftir því sem þörf krefur. Er stefnt að því að fulltrúaráð skipi höfundar sem starfa á ólíkum vettvangi. Fulltrúaráðið tekur þátt í mótun stefnu um starf félagsins og tekur ákvarðanir um þau mál sem stjórn félagsins eða aðalfundur vísa til þess.

Félagið skal reka vefsetur. Á vefnum eru meðal annars birtar samþykktir félagsins, upplýsingar um stjórn samtakanna og gerð grein fyrir almennri úthlutunarstefnu vegna réttindagreiðslna. Auk þess eru þar þær upplýsingar aðrar sem skulu aðgengilegar á opinberum vef lögum samkvæmt.

### **Samningar Hagþenkis**

Hagþenkir hefur gert samninga við Ríkisútvarpið og Menntamálastofnun fyrir hönd námsefnishöfunda.

## **Hagþenkir tekur á móti greiðslum frá tveimur umsýslustofnunum sem félagið er aðili að, Fjölís og IHM**

### **Fjölís**

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur einnig gert samninga við 30 erlend systursamtök í 28 þjóðríkjum um hagsmunagæslu vegna eftirgerðar erlendra verka. Fjölís gerir leyfissamninga við innlenda notendur um slíka eftirgerð og úthlutar rétthafasamtökum tekjunum. Fjölís hefur hlotið viðurkenningu til að fara með kollektífar heimildir til innheimtu tekna vegna slíkrar hagnýtingar og nær hún bæði til innlendra og erlendra rétthafa. Fé frá Fjölís sem berst Hagþenkis er nýtt til sameiginlega hagsmuna félagsmanna og til réttahafagreiðslna.

Í ársreikningi Rétthafagreiðslna sem birtur er á vefsetri Hagþenkis koma fram greiðslur frá Fjölís og ráðstöfun þeirra. Aðalfundur Hagþenkis ákvarðar árlega skiptingu útdeildar tekna á grundvelli Fjölís tekna félagsins, sem formaður gerir tillögu um og það er: Starfsstyrkir til ritstarfa og ferða- og menntastyrkir félagamanna, þóknanir vegna ljósritunar og annarrar eftirgerðar í skólum og ýmsum opinberum stofnunum og viðurkenningar Hagþenkis og tilnefninga 10 rita. Þá hafa sl. ár borist til Hagþenkis danskar rétthafagreiðslur til íslenskra höfunda á grundvelli skilagreina frá Fjölís og Copydan. Ef reiknuð rétthafagreiðslna nemur lægri upphæð en 10.000 kr. fellur réttur til greiðslu niður. Lágmarksviðmið er endurskoðað árlega. Viðmið Hagþenkis hefur verið í áratugi að útdeila um það bil 70% þessara tekna til höfunda í formi styrkja og þóknana og að umsýslukostnaður sé um það bil 30%. Það geta þó komið ár þar sem fjárförf félagsins er meiri vegna hagsmunabaráttu og réttindagæslu fyrir hönd höfunda fræðirita og kennslugagna, samningagerðar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu eða viðburða félagsins. Beinn kostnaður vegna meðferðar tekna frá Fjölís skal greiddur af óskiptu framlagi frá Fjölís til Hagþenkis skv. góðum reikningsskilavenjum. Slíkur kostnaður getur falist í greiðslum vegna lögfræðiþjónustu, endurskoðunar og samningagerðar við samningsaðila svo og öðrum kostnaði sem beinlínis fellur til vegna úthlutanna. Framkvæmdastjóri Hagþenkis sýslar með fé frá Fjölís í umboði stjórnar.

### **IHM**

Hagþenkir á aðild að Innheimtumiðstöð rétthafa (IHM) ásamt sjö öðrum rétthafasamtökum. Aðaltilgangur IHM er móttaka og úthlutun fébóta úr ríkissjóði til rétthafa vegna eintakagerðar til einkanota. Það eru annars vegar réttindagreiðslur sem eru komnar til á grundvelli 11. greinar höfundalaga og hins vegar réttindagreiðslur vegna endurvarps og dreifingar sjónvarpsútsendinga og tengdra réttinda. Hagþenkir annast höfundaréttargreiðslur til handritshöfunda fræðslu- og heimildamynda sem berast frá IHM. Ef reiknuð rétthafagreiðslna nemur lægri upphæð en 10.000 kr. fellur réttur til greiðslu niður. Lágmarksviðmið er endurskoðað árlega. Beinn kostnaður vegna meðferðar tekna frá IHM skal greiddur af óskiptu framlagi frá IHM, skv. góðum reikningsskilavenjum. Slíkur kostnaður getur falist í greiðslum vegna lögfræðiþjónustu, endurskoðunar svo og öðrum kostnaði sem beinlínis fellur til vegna úthlutanna. Umsýslukostnaður til Hagþenkis skal að hámarki nema 25% af heildargreiðslu réttahafagreiðslna frá IHM og 25% af ómerkту fé samkvæmt ákvörðun stjórnar. Í ársreikningi Rétthafagreiðslna sem birtur er á vefsetri Hagþenkis koma fram tekjur frá IHM og ráðstöfun þeirra samkvæmt heimildum sem aðalfundur Hagþenkis hefur samþykkt. Á vefsetri Hagþenkis var sett upp rétthafagátt fyrir handritshöfunda fræðslu- og heimildamynda og

dugir að skrá sig einu sinni. Hagþenkir auglýsir í fjölmiðlum og á netmiðlum og vekur athygli handritshöfunda fræðslu- og heimildamynda á Rétthafagáttinni.

Greiðslur Hagþenkis vegna IHM tekna félagsins, renna til handritshöfunda fræðslu og heimildamynda sem hafa skráð sig í rétthafagátt Hagþenkis og er úthlutað samkvæmt reglum Hagþenkis. Aðrir geta sótt um í 3% sjóðinn og eru eftir það hvattir til að skrá verk sín í rétthafagáttina. Ómerkt fé sem hefur komið frá IHM hefur verið nýtt í handritsstyrki og ferða- og menntastyrki óháð félagsaðild.

Hagþenkir auglýsir á haustin eftir nýskráningum handritshöfunda fræðslu- og heimildamynda í rétthafagátt Hagþenkis og eftir sérstökum umsóknum í 3% sjóðinn. Úthlutun fer fram með tvennum hætti:

- a) Rétthafagreiðslur skv. skráðum flutningi sbr. 6. gr. Nægjanlegt er að skila inn skráningarupplýsingum einu sinni og gildir skráning þá ótímabundið. Rétthöfum ber að uppfæra verk sín í skrána, tilkynna breytingar á heimilisfangi, netfangi eða bankareikningi og hlutfallsskiptingu í nýjum verkum ef á við. Greitt skal skv. flutningstíma í mínútum á grundvelli upplýsinga frá stofnunum skv. 6. gr.
- b) Rétthafagreiðslur skv. sérstökum umsóknum í 3% sjóðinn ef skráning hefur misfarist eða rétthafi hafi ekki skráð sig.

Ómerktu fé frá IHM er veitt til handritsstyrkja fræðslu- og heimildamynda og ferða- og menntastyrkja handritshöfunda óháð félagsaðild, samkvæmt ákvörðun stjórnar.

### **Starfsstyrkir til ritstarfa**

Á haustin er auglýst eftir umsóknum um starfsstyrki til ritstarfa. Það bárust 54 umsóknir og hlutu 30 verkefni styrk. Úthlutunarráð þriggja félagsmanna ákvarðar styrkveitingar.

### **Þóknanir vegna ljósrítunar og annarrar eftirgerðar höfundaréttarvarins efnis**

Stjórn Hagþenkis ákvarðar þóknanir og er auglýst á vorin. Umsóknir voru 51 og voru þær metnar í þrjá flokka eftir áætluðu umfangi.

### **Ferða- og menntunarstyrkir fyrir félagsmenn**

Stjórn Hagþenkis ákvarðar ferða- og menntastyrki fyrir félagsmenn. Hagþenkir auglýsti í vor og haust eftir umsóknum. Alls voru veittir 23 styrkir. Tveir ferða- og menntastyrkir voru veittir óháð félagsaðild.

### **Viðurkenning Hagþenkis**

Viðurkenning Hagþenkis var veitt í mars og tíu rit tilnefnd.

### **Rétthafagreiðslur vegna danskra tekna**

Rétthafagreiðslur danskra tekna á grundvelli skilagreina frá Fjölís bárust það seint á árinu að þær voru greiddar út í byrjun árs 2023.

### **Rétthafagreiðslur vegna fræðslu- og heimildamynda**

Á árinu 2022 var úthlutað til 26 rétthafa verka sem sýnd voru í línulegri dagskrá 2020 og þar af var ein umsókn í 3% sjóðinn. Um haustið var auglýst eftir handritsstyrkjum

handritshöfunda og voru veittir 6 styrkir. Úthlutunarráð skipað þremur félagsmönnum ákvarðar styrkveitingar.

### **Skattaleg meðferð**

Allar greiðslur nema þær sem úthlutað er í styrkjaformi, eru skilgreindar sem fjármagnstekjur eða afleiddar tekjur og ber Hagþenki að halda eftir 22% fjármagnstekjuskatti og skila til Ríkisskattstjóra.

### **Kostnaður á árinu**

Kostnaður vegna endurskoðunar er umtalsverður sem og kostnaður við lögfræðipjónustu í tengslum við uppfærslu á lögum félagsins, starfsemi vegna DSM tilskipunarinnar, IHM gerðardóms og vegna samninga Hagþenkis við Menntamálastofnun.

Gunnar Þór Bjarnason, formaður

Ásdís Thoroddsen, varaformaður

Henry Alexander Henrysson, ritari

Ásdís L. Grétarsdóttir, meðstj.

Snæbjörn Guðmundsson, meðstj.

Friðbjörg Ingimarsdóttir, frkv.stj.